# Ræða flutt varðandi samnorrænu sundkeppnina, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Samnorræn – Sundkeppni

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-3, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigur Íslendinga í fyrstu samnorrænu sundkeppninni, sem við tókum þátt í var mikill og eftirminnilegur. Þar áttu margir góðan hlut að . Sannarlega var það þó verðugt tákn fyrir eigin afrek og forustu heillar ættar í sundmálum þjóðarinnar, að Erlingi Pálssyni, syni Páls Erlingssonar, skyldi hlotnast sú sæmd að taka vegna þjóðar sinnar á móti hinum fagra verðlaunabikar, sem Hákon, Noregskonungur, hafði gefið til að keppa um. En auðvitað var þarna þó ekki um að ræða sigur neins einstaks manns heldur allrar þjóðarinnar.

Vandi fylgir vegsemd hverri. Nú í dag hefst ný samnorræn sundkeppni og þá reynir á, hvort við Íslendingar getum haldið forustu okkar. Reglurnar, sem keppt er eftir, eru okkur ekki hagfeldar. Þær sýnast veita þeim, er lakastur var áður, mestan möguleika til að sigra nú, og að sama skapi verður sigurinn okkur erfiðastur, einmitt vegna þess,hversu vel við stóðum okkur síðast. En þetta eru hinar viðurkenndu leikreglur, sem allir hafa gengist undir, og eftir þeim verður að fara. Auðvitað er engin skömm að tapa í heiðarlegri keppni. Fyrirfram veit aldrei neinn, hver ber sigur af hólmi. En óneitanlega væri gaman og þjóðinni sómi að sigri ~~í þessari~~ ~~keppni.~~ einnig að þessu sinni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okkur er stundum borið á brýn, að við séum áhlaupamenn en ekki úthaldsgóðir að sama skapi. Eitthvað kann að vera til í því, en þó er mér nær að halda, að seiglan hafi um aldir verið eitt ríkasta einkenni Íslendinga. Látum það sannast, að við höfum ekki glatað þessum eiginleika forfeðra okkar. Gleðjumst yfir, að okkur tókst með snöggu áhlaupi að sigra síðast. Beitum nú seiglunni við að halda sessi sigurvegarans. [illegible] að herða sundið. En sjálfs sín vegna þurfa allir að kunna að synda, og enginn heilbrigður maður má láta undan fallast að taka þátt í keppninni.

Sameinumst enn um að halda uppi heiðri lands og þjóðar og tökum öll, sem þess erum megnug, þátt í hinni samnorrænu sundkeppni, er hefst í dag kl. 12 á hádegi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur